

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/57/EB

frá 13. júní 2002

um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽²⁾ hefur verið breytt oft og verulega að því er varðar efnisatriði ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal téðri tilskipun af þeim sökum steipt saman í einn texta.
- 2) Framleiðsla olíu- og trefjaplantna er mikilvæg grein landbúnaðar í bandalaginu.
- 3) Viðunandi árangur í ræktun olíu- og trefjaplantna veltur að miklu leyti á því að notað sé rétt fræ.
- 4) Meiri framleiðni næðist í ræktun olíu- og trefjaplantna í bandalaginu ef aðildarríkin beittu samræmdum reglum, sem væru eins strangar og unnt er, við val á yrkjum sem leyfilegt er að markaðssetja. Af þeim sökum er kveðið á um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði í tilskipun ráðsins 2002/53/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Æskilegt er að tekið verði upp samræmt vottunarkerfi fyrir bandalagið á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af beitingu slíkra kerfa í aðildarríkjunum og einnig hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Í tengslum við sameiningu innri markaðarins skal kerfi bandalagsins taka til framleiðslu á fræi með markaðssetningu í huga og

markaðssetningu innan bandalagsins en skal ekki að neinu leyti gefa aðildarríkjunum færi á að víkja einhliða frá kerfinu þannig að það hindri fjálsanflutning á fræi innan bandalagsins.

- 6) Almenn regla ætti að vera að leyfa einungis markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs sem hefur verið opinberlega skoðað og vottað í samræmi við vottunarreglur sem stofnfræ eða vottað fræ. Notkun hugtakanna „stofnfræ“ og „vottað fræ“ byggist á núverandi alþjóðlegri hugtakanotkun. Með ákveðnum skilyrðum á að vera hægt að setja á markað kynbætt fræ ætliða sem eru undanfari stofnfræs og ómeðhöndlaðs fræs.
- 7) Reglur bandalagsins skulu ekki gilda um fræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.
- 8) Til að bæta ekki einungis arfgenga eiginleika heldur einnig ytri eiginleika olíu- og trefjaplöntufræs í bandalaginu er nauðsynlegt að mæla fyrir um tilteknar kröfur um hreinleika og spírunarhæfni.
- 9) Til að tryggja að fræ sé ósvikið ber að setja reglur í bandalaginu um pakkingar, sýnatöku, innsiglingu og merkingu. Í þessu skyni skulu nauðsynlegar upplýsingar vera á merkimiðanum, bæði fyrir opinbert eftirlit og fyrir notandann, þar sem greinilega kemur fram að vottaða fræið úr einhverjum flokkanna hefur verið vottað á vegum bandalagsins.
- 10) Setja skal reglur um markaðssetningu efnafræðilega meðhöndlaðs fræs og fræs, sem hentar við lífræna ræktun, og einnig um varðveislu yrkja sem eru í hættu vegna erfðatæringar sem stafar af notkun á staðnum.
- 11) Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. sáttmálans skal veita undanþágur við tilteknar aðstæður. Aðildarríki, sem nýta sér undanþágur, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.
- 12) Aðildarríkin skulu setja ákvæði um viðeigandi eftirlitskerfi til að tryggja að við markaðssetningu verði bæði farið að kröfum um gæði fræs og ákvæðum sem tryggja að fræið sé ósvikið.

⁽¹⁾ Álitum var skilað 9. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27).

⁽³⁾ Sjá A-hluta VI. viðauka.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 193, 20. 7. 2002, bls. 1.

- 13) Með fyrirvara um 30. gr. sáttmálans skal fræ, sem fullnægir þessum kröfum, ekki sæta neinum takmörkunum að því er varðar markaðssetningu, öðrum en þeim sem kveðið er á um í reglum bandalagsins.
- 14) Með fyrirvara um tiltekin skilyrði skal votta fræ sem fjölgað er í öðru landi af stofnfræi, sem hefur verið vottað í aðildarríki, eins og fræ sem hefur verið fjölgað í því aðildarríki.
- 15) Setja skal ákvæði um að markaðssetning innan bandalagsins á olíu- og trefjaplöntufræi, sem er uppskorið í þriðju löndum, sé einungis heimil ef fræið uppfyllir sömu kröfur og fræ sem er opinberlega vottað eða opinberlega samþykkt sem sölufræ í bandalaginu og samræmist reglum þess.
- 16) Á tímum þegar erfitt er að afla vottaðs fræs úr einhverjum flokkanna eða staðlaðs fræs ber að leyfa tímabundna markaðssetningu fræs sem er lakara að gæðum og einnig fræs af yrkjum sem ekki eru skráð í sameiginlegu skrána yfir yrki eða innlendu skrána yfir yrki.
- 17) Til að samræma tæknilegar vottunaraðferðir aðildarríkjanna og til að unnt sé að bera saman fræ sem er vottað í bandalaginu og fræ frá þriðju löndum ætti að láta fara fram samanburðarprófanir í aðildarríkjum svo að fram geti farið árleg eftirkönnun á fræi í ýmsum flokkum „vottaðs fræs“.
- 18) Æskilegt er að skipuleggja tímabundnar tilraunir til þess að reyna að bæta tiltekin ákvæði sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 19) Fari ræktun og markaðssetning á fræi ákveðinna tegunda yfirleitt ekki fram á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti að kveða á um, í samræmi við málsmeðferð fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt, að leysa það aðildarríki undan þeirri kvöð að beita þessari tilskipun að því er umræddar tegundir varðar.
- 20) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 21) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna um frest til lögleiðingar þeirra tilskipana sem settar eru fram í B-hluta VI. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu á olíu- og trefjaplöntufræi, sem er ætlað til framleiðslu í landbúnaði en ekki til framleiðslu á skrautplöntum og á að setja á markað, og um markaðssetningu í bandalaginu.

Hún gildir ekki um olíu- og trefjaplöntufræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „markaðssetning“: sala, birgðahald með sölu í huga, söluframboð og öll ráðstöfun, afhending eða dreifing á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending fræs til þjónustuveitenda til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhráefni, sem er ætlað til iðnaðarnota, eða fræfræmleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning, að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaryfirvaldinu í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.,

- b) „olíu- og trefjaplöntur“: plöntur eftirtalinna ættkvísla og tegunda:

Arachis hypogaea L. Jarðhnetta

Brassica juncea (L.) og Brúnn mustarður
Czernj og Cosson

Brassica napus L. Fóðurrepja
(partim)

Brassica nigra (L.) Koch Svartur mustarður

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- | | |
|---|---|
| <p><i>Brassica rapa</i> L. var. Akurfrækál
<i>silvestris</i> (Lam.) Briggs</p> <p><i>Cannabis sativa</i> L. Hampur</p> <p><i>Carthamus tinctorius</i> L. Litunarþistill</p> <p><i>Carum carvi</i> L. Kúmen</p> <p><i>Glycine max</i> (L.) Merr. Sojabaunir</p> <p><i>Gossypium</i> spp. Baðmull</p> <p><i>Helianthus annuus</i> L. Sólfifill</p> <p><i>Linum usitatissimum</i> L. Spunalín, olíulín</p> <p><i>Papaver somniferum</i> L. Ópíumvalmúi</p> <p><i>Sinapis alba</i> L. Hvítur mustarður,</p> | <p>e) „vottað fræ“ (akurfrækál, brúnn mustarður, föðurrepja, sérbylishampur, litunarþistill, svartur mustarður, kúmen, sólfifill, ópíumvalmúi, hvítur mustarður): fræ</p> <p>i) sem hefur verið framleitt beint af stofnfræi eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, af fræi af ættlið á undan stofnfræinu sem getur uppfyllt, og við opinbera athugun reynist uppfylla, skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ,</p> <p>ii) sem er ætlað til annarra nota en framleiðslu á olíu- og trefjaplöntufræi,</p> <p>iii) sem uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka um vottað fræ, sbr. þó ákvæði b-liðar 5. gr., og</p> <p>iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða</p> <p>— sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði, annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,</p> <p>f) „vottað fræ af fyrsta ættlið“ (jarðhneta, sambýlishampur, spunalín, olíulín, sojabaunir, baðmull): fræ</p> <p>i) sem hefur verið framleitt beint af stofnfræi eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, af fræi af ættlið á undan stofnfræinu, sem getur uppfyllt og við opinbera athugun reynist uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ,</p> <p>ii) sem er annaðhvort ætlað til framleiðslu á fræi í flokknum „vottað fræ af öðrum ættlið“ eða, þar sem við á, í flokknum „vottað fræ af þriðja ættlið“ eða til annarra nota en framleiðslu á olíu- og trefjaplöntufræi,</p> <p>iii) sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um vottað fræ, og</p> <p>iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða</p> <p>— sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,</p> <p>g) „vottað fræ af öðrum ættlið“ (jarðhneta, spunalín, olíulín, sojabaunir, baðmull): fræ</p> <p>i) sem hefur verið framleitt beint af stofnfræi, af vottuðu fræi af fyrsta ættlið eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, af fræi af ættlið á undan</p> |
|---|---|
- c) „stofnfræ“ (annað en fræ af sólfifilsblendingum): fræ
- i) sem er ræktað á ábyrgð ræktunarmanns í samræmi við viðurkenndar reglur um viðhald yrkis,
- ii) sem er annaðhvort ætlað til framleiðslu á fræi í flokknum „vottað fræ“ eða í flokknum „vottað fræ af fyrsta ættlið“ eða „vottað fræ af öðrum ættlið“ eða, þar sem við á, „vottað fræ af þriðja ættlið“,
- iii) sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um stofnfræ, sbr. þó ákvæði 5. gr., og
- iv) sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði,
- d) „stofnfræ“ (sólfifilsblendingar):
1. Stofnfræ af skyldleikaræktuðum línum: fræ
- i) sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um stofnfræ, sbr. þó ákvæði 5. gr., og
- ii) sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði,
2. Stofnfræ einblendinga: fræ
- i) sem er ætlað til framleiðslu á þríblendingum eða tvíblendingum,
- ii) sem uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um stofnfræ, sbr. þó ákvæði 5. gr., og
- iii) sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði,

- stofnfræinu sem getur uppfyllt og við opinbera athugun reynist uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ,
- ii) sem er ætlað til annarra nota en framleiðslu á olíu- og trefjaplöntufræi eða, þar sem við á, er ætlað til framleiðslu á fræi í flokknum „vottað fræ af þriðja ættlið“,
- iii) sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um vottað fræ, og
- iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða
- sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,
- h) „vottað fræ af öðrum ættlið“ (sambýlishampur): fræ
- i) sem hefur verið framleitt beint af vottuðu fræi af fyrsta ættlið, sem hefur verið framleitt og er undir opinberu gæðaeftirliti með sérstöku tilliti til framleiðslu á vottuðu fræi af öðrum ættlið,
- ii) sem er ætlað til framleiðslu á hampi sem á að skera þegar hann er í blóma,
- iii) sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um vottað fræ, og
- iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða
- sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,
- i) „vottað fræ af þriðja ættlið“ (spunalín, olíulín): fræ
- i) sem framleitt er af stofnfræi, vottuðu fræi af fyrsta eða öðrum ættlið eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, fræi af ættlið á undan stofnfræi sem getur uppfyllt og uppfyllir við opinbera athugun skilyrði I. og II. viðauka um stofnfræ,
- ii) sem er ætlað til annarra nota en framleiðslu á olíu- og trefjaplöntufræi,
- iii) sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka um vottað fræ, og
- iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða
- sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,
- j) „sölufra“: fræ
- i) sem unnt er að sanngreina að sé af ákveðinni tegund,
- ii) sem uppfyllir skilyrði II. viðauka um sölufra, sbr. þó ákvæði b-liðar 5. gr., og
- iii) sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði,
- k) „opinberar ráðstafanir“: ráðstafanir sem einhver eftirfarandi gerir
- i) ríkisvaldið, eða
- ii) lögaðili á vegum ríkisins, hvort sem hann lýtur opinberum rétti eða einkarétti, eða
- iii) eiðsvarinn einstaklingur þegar um er að ræða viðbótarstarfsemi sem einnig er undir eftirliti ríkisins,
- að því tilskildu að þeir aðilar, sem um getur í ii- og iii-lið, hagnist ekki persónulega á slíkum ráðstöfunum.
2. Breytingar á skránni yfir tegundir, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr.
3. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., má tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af yrkjum, einnig mismunandi þætti, sem koma til greina til vottunar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.
4. Aðildarríkjunum er heimilt:
- a) að því er varðar spunalín eða olíulín, að setja fleiri ættliði í flokkinn „stofnfræ“ og skipta honum í undirflokk eftir ættliðum,
- b) að kveða á um að opinberar athuganir, til að kanna hvort skilyrðið, sem mælt er fyrir um í 4. lið I. hluta II. viðauka, sé uppfyllt fyrir *Brassica napus*, fari ekki fram á öllum framleiðslueiningum við vottun nema vafi leiki á um að skilyrðið sé uppfyllt.
5. Þegar athugun fer fram undir opinberu eftirliti, sem um getur í öðrum undirlið iv-liðar e-liðar 1. mgr., öðrum

undirlið iv-liðar f-liðar 1. mgr., öðrum undirlið iv-liðar h-liðar 1. mgr. og öðrum undirlið iv-liðar i-liðar 1. mgr. hér að framan, skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

a) skoðunarmenn skulu:

i) hafa nauðsynlega tæknimenntun,

ii) ekki hagnast persónulega á því að framkvæma skoðanirnar,

iii) hafa opinbert leyfi frá frævottunaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis og þetta leyfi skal fela í sér annaðhvort embættiseið skoðunarmanns eða undirskrifaða yfirlýsingu hans um að hann virði gildandi reglur um opinberar athuganir,

iv) framkvæma skoðun undir opinberu eftirliti í samræmi við gildandi reglur um opinbera skoðun,

b) plönturnar á frækkrinum, sem skoða á, skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun þar sem niðurstöður voru fullnægjandi,

c) opinberir skoðunarmenn skulu skoða hluta plantna á frækkrinum. Sá hluti skal vera 10% af sjálffrævandi plöntum og 20% af víxlfrævandi plöntum eða 5% af sjálffrævandi tegundum og 15% af víxlfrævandi tegundum sem aðildarríkin kveða á um að skuli fara í opinbera fræprófun á rannsóknarstofu þar sem beitt er aðferðum sem styðjast við útlit, lífeðlisfræðilega þætti eða, ef við á, lífefnafræðilega þætti til að sanngreina yrkið og ákvarða hreinleika þess,

d) setja skal hluta sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst af frækkrinum, í opinbera eftirkönnun og, ef við á, opinbera fræprófun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess.

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem beita má við brotum á reglum fyrstu undirgreinar sem gilda um athuganir undir opinberu eftirliti. Viðurlögin, sem þau setja, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í iii-lið a-liðar, sé tekið af skoðunaraðilum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vangá brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skal ógilda vottun á fræinu sem var rannsakað nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli enn þá allar viðeigandi kröfur.

6. Unnt er að samþykkja frekari ráðstafanir sem grípa má til við athuganir undir opinberu eftirliti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

Skilyrðin, sem sett eru fram í 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 89/540/EBE⁽¹⁾, skulu gilda þar til slíkar ráðstafanir hafa verið samþykktar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fræ af:

Brassica napus L. (partim)

Brassica rapa L. var. *silvestris* (Lam.) Briggs

Cannabis sativa L.

Carthamus tinctorius L.

Carum carvi L.

Gossypium spp.

Helianthus annuus L.

Linum usitatissimum L. (partim) — spunalín, oliúlín

megi einungis markaðssetja ef það hefur fengið opinbera vottun sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að því aðeins megi setja á markað olíu- og trefjaplöntufræ annarra tegunda en taldar eru upp í 1. mgr. að um sé að ræða fræ sem hefur verið vottað opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ eða um sé að ræða sölufræ.

3. Kveða má á um, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., að eftir tilgreindar dagsetningar megi því aðeins setja á markað fræ af öðrum tegundum olíu- og trefjaplantna en taldar eru upp í 1. mgr. að það hafi verið opinberlega vottað sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að opinberar athuganir á fræi fari fram í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir, að svo miklu leyti sem slíkar aðferðir eru til.

4. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2 mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin kveða á um að setja megi á markað:

— kynbætt fræ af ættliðunum á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 286, 4.10.1989, bls. 24. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 96/336/EB (Stjtið. EB L 128, 29.5.1996, bls. 23).

5. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að:

- a) leyfa opinbera vottun og markaðssetningu á stofnfræi sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka um spírunarhæfni. Í þessu skyni skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist ákveðna spírunarhæfni sem hann tilgreinir við markaðssetningu á sérstökum merkimiða ásamt nafni sínu og heimilisfangi og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningarinnar,
- b) leyfa, til að flýta fyrir afgreiðslu á fræi, að fræ úr flokkunum „stofnfræ“ og „vottað fræ“ af öllum tegundum eða „sölufra“ hljóti opinbera vottun eða samþykki og sé afhent fyrsta viðtakanda enda þótt ekki sé lokið opinberri athugun til að kanna hvort skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni séu uppfyllt. Vottun eða samþykki fæst einungis við framvísun skýrslu um bráðabirgðagreiningu á fræinu og að því tilskildu að nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda sé tilgreint. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist þá spírunarhæfni sem fullvissa fæst um í bráðabirgðagreiningunni. Við markaðssetningu skal þessi spírunarhæfni tilgreind á sérstökum merkimiða ásamt nafni og heimilisfangi birgisins og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningar.

Þessi ákvæði gilda ekki um innflutt fræ frá þriðju löndum, að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í 18. gr. um fjölgun fræs utan bandalagsins.

Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.

6. gr.

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

- a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar,
- b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði tekin upp í skrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 2002/53/EB gilda um mat á umhverfisáhættu sem unnið verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má leyfið, sem um getur í b-lið 1. mgr., svo og ákvæði um merkingu pakkninga og magnið og skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti

veitt slíkt leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

3. Leyfi, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu fyrir 14. desember 1998 í þeim tilgangi sem settur er fram í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu öll slík leyfi vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.

7. gr.

Aðildarríkin mega, að því er skilyrði I. og II. viðauka varðar, setja frekari eða strangari kröfur um vottun fræs og einnig um athugun sölufraes sem er ræktað á yfirráðasvæði þeirra.

8. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu erfðabundinna þátta sem trúnaðarmál fari ræktunarmaðurinn fram á það.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að við eftirlit með yrkjum og athugun á fræi til vottunar og athugun á sölufraei taki opinberir aðilar sýni með viðeigandi aðferðum.

2. Við athugun á fræi til vottunar og athugun á sölufraei skulu sýni tekin úr einsleitri framleiðslueiningu. Hámarksþyngd framleiðslueiningar og lágmarksþyngd sýnis er gefin upp í III. viðauka.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnfræ og vottað fræ sé eingöngu markaðssett í nægilega einsleitum vörusendingum og innsigliðum pakkningum með lokunarbúnaði og merkingum eins og mælt er fyrir um í 11. og 12. gr.

2. Þegar lítið magn er selt til neytenda mega aðildarríkin kveða á um undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar pakkningar, lokun og merkingu.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs og vottaðs fræs í öllum flokkum og sölufraes séu innsglaðar opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að

innsiglið eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr., eða á pakkningunum.

Til að tryggja að pakkningar séu lokaðar skal a.m.k. annaðhvort fyrrnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í annarri undirgrein hér að framan, eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunar-búnað.

Í samræmi við málsmeðferðina í 2. gr. 25. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunar-búnaður uppfylli ákvæði þessarar málsgreinar.

2. Pakkningar, sem hafa verið innsiglaðar opinberlega skulu ekki innsiglaðar aftur, hvorki einu sinni né oftár, nema opinberlega eða undir opinberu eftirliti. Ef pakkningar eru endurinnsiglaðar skal tilgreina það, svo og daginn þegar það var síðast gert og yfirvaldið sem ber ábyrgð á því, á merkimiða skv. 1. mgr. 12. gr.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litlar pakkningar sem eru innsiglaðar á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs, vottaðs fræs í öllum flokkum og sölufræs:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða, sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka og upplýsingarnar séu á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ, blár fyrir vottað fræ af fyrsta ættlið á eftir stofnfræi, rauður fyrir vottað fræ af síðari ættliðum á eftir stofnfræi og brúnn fyrir sölufræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans í öllum tilvikum tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 5. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límniða er heimilud. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á pakkningarnar undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans,

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með a.m.k. þeim upplýsingum sem krafist er að séu á merkimiðanum skv. 4., 5. og 6. lið a-liðar A-hluta IV. viðauka og, ef um er að ræða sölufræ, skv. 2., 5. og 6. lið b-liðar. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera

merkimiðann sem um getur í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á pakkningarnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límniði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litlar pakkningar sem eru innsiglaðar á þeirra eigin yfirráðasvæði. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

3. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að krefjast þess að ekki megi markaðssetja olíu- og trefja-plöntufræ sem á að nota í öðru skyni en til framleiðslu í landbúnaði, nema það komi fram á merkimiðanum.

13. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., er hægt að ákveða að aðildarríkin geti krafist þess að í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun sé merkimiði birgis á pakkningum með stofnfræi, hvers konar vottuðu fræi eða sölufræi (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkninguna sjálfa). Upplýsingarnar, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

14. gr.

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.

15. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að hvers kyns efnameðhöndlun stofnfræs, vottaðs fræs úr öllum flokkum eða sölufræs sé tilgreind annaðhvort á opinbera merkimiðanum eða merkimiða birgisins og utan á pakkningunni eða innan á henni.

16. gr.

Með það fyrir augum að finna betri valkosti í stað tiltekinnna ákvæða í þessari tilskipun er hægt að taka ákvörðun um að skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

Við slíkar tilraunir er heimilt að losa aðildarríkin undan ákveðnum skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang slíkra tilslakana skal ákveðið með hliðsjón af þeim ákvæðum sem um er að ræða. Tilraun skal ekki standa lengur yfir en í sjö ár.

17. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og innsigli, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða öðrum tilskipunum.

18. gr.

Skilyrði fyrir því, að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirliði 4. gr., skulu vera sem hér segir:

- fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bæru vottunaryfirvaldi í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs,
- fræið skal vera í pakkningum í samræmi við þessa tilskipun, og
- á pakkningunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:

— vottunaryfirvald og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,

— innsiglanarmánuður og -ár, eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegund, tilgreind a.m.k. með grasafræðiheiti sínu, sem má vera styttr heiti og án höfundarnafns, með latnesku lettri,

— yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku lettri,

— lýsingin „grundvallarfræ“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“ eða „vottað fræ af fyrsta ættliði“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að olíu- og trefjaplöntufræ:

— sem framleitt hefur verið beint af stofnfræi eða vottuðu fræi, sem er opinberlega vottað annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 20. gr., eða sem framleitt hefur

verið með víxlun stofnfræs, sem er opinberlega vottað í aðildarríki, og stofnfræs sem er opinberlega vottað í slíku þriðja landi, og

— sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki,

skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2002/53/EB, vera vottað opinberlega sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er, hafi fræið verið skoðað á akri og uppfyllt skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka um sama flokk séu uppfyllt.

Þegar fræið hefur verið framleitt beint af opinberlega vottuðu fræi af ættliðum á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottun þess sem stofnfræ ef skilyrði, sem mælt er fyrir um þann flokk, eru uppfyllt.

2. Olíu- og trefjaplöntufræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að votta í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í pakkningum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 11. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirliði um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs, sem hefur ekki verið vottað endanlega, og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.

3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að olíu- og trefjaplöntufræ:

— sem framleitt hefur verið beint af stofnfræi eða vottuðu fræi af fyrsta ættliði, sem er opinberlega vottað annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 20. gr., eða sem sáð hefur verið til með víxlun stofnfræs, sem er opinberlega vottað í aðildarríki, og stofnfræs sem er opinberlega vottað í slíku þriðja landi, og

— sem hefur verið uppskorið í þriðja landi,

skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottað sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem vottaða fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottað, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði sem sett

eru í ákvörðun um jafngildi skv. a-lið 20. gr. fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka um sama flokk, séu uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinberlega vottun slíks fræs.

20. gr.

1. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið ákvarða með auknum meirihluta hvort:

- a) akurskoðanir í þriðja landi, í því tilviki sem kveðið er á um í 18. gr., uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka,
- b) olíu- og trefjaplöntufræ, sem er uppskorið í þriðja landi og uppfyllir sömu kröfur um eiginleika, fyrirkomulag athugana, að ósvikni fræs sé óbyggjandi og um merkingu og eftirlit, er í þessu tilliti jafngilt stofnfræi, vottuðu fræi, vottuðu fræi af fyrsta, öðrum eða þriðja ættlið eða sölufræi sem er uppskorið innan bandalagsins og samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um hvert nýtt aðildarríki frá og með þeim degi sem það fær aðild þar til það samþykkir nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.

21. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi eða vottuðu fræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, og til að leysa erfiðleika varðandi framboðið er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., að aðildarríkin veiti leyfi í tiltekinn tíma, fyrir markaðssetningu í öllu bandalaginu á nauðsynlegu magni af fræi í flokki, sem vægari kröfur gilda um, eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjaplantna í landbúnaði eða í innlendum skráum yfir yrki í aðildarríkjunum.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem kveðið er á um fyrir viðkomandi flokk. Þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skráum skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem kveðið er á um fyrir sölufræ. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu olíu- og trefjaplöntu-

fræs, a.m.k. með slembiathugunum, til að sannprófa hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.

2. Með fyrirvara um frjálstan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokk,
- d) framleiðsluland og opinbert skoðunaryfirvald,
- e) sendingarland,
- f) innflytjanda,
- g) magn fræs.

Heimilt er að ákveða hvernig þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

23. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir fyrir eftirkönnun stofnfræsýna, að undanskildu stofnfræi blendinga eða nýrra yrkja, og vottaðs fræs í öllum flokkum olíu- og trefjaplantna sem fengin eru við sýnatöku. Við eftirkönnun er hægt að staðfesta að fræið uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið. Leggja skjal tilhögun við samanburðarprófanirnar og niðurstöður úr þeim fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 25. gr.

